

Á DÖFINNI Í LITLA TÓNSPROTANUM



JÓLATÓNLEIKAR SINFÓNÍUNNAR

13. DESEMBER LAUGARDAGUR KL 14 & 16
14. DESEMBER SUNNUDAGUR KL 14 & 16

Á tónleikunum hljóma sigildar perlur og klassísk ævintýri sem koma jólabörnum á öllum aldri í hið sanna hátíðarskap. Að vanda stíga margir ungir listamenn sín fyrstu spor á þessum tónleikum, jafnt einleikarar, söngvarar, dansarar sem kórar. Einsöngvarar í ár eru jazz-söngvararnir Kristjana Stefánsdóttir og Einar Örn Magnússon. Kolbrún Völkudóttir syngur á táknmáli og eru tónleikarnir í heild jafnframt túlkaðir á táknmáli.

ENDURVINNSLAN

14. FEBRÚAR LAUGARDAGUR KL 14:00

Thomas og Jesper eru slagverkssnillingar sem mynda tvíeykið Trash. Þeir nota m.a. ruslatunnur, hjól og rör á frumlegan hátt sem umbreytir hávaða í hljómandi klassíska fegurð. Á dagskránni eru verk eftir Rossini, Grieg, Khatsjaturjan, Brahms og fleiri klassíska meistara en skapandi endurvinnsla setur sterkan svip á tónleikana.



VÍSNAÞÓKIN

9. MAÍ LAUGARDAGUR KL 14:00

Vísnaþókin er klassísk gersemi sem fylgt hefur mörgum börnum og ungmennum fram á full-orðinsár. Tónleikarnir verða því endurfundur við fallegar vísur og mörg uppáhaldslög þjóðarinnar. Með hljómsveitinni koma fram Þórunn Arna Kristjánsdóttir, Sigurður Þór Óskarsson og Hallgrímur Ólafsson auk Gradúalekórs Langholtskirkju og flutt verða valin lög og syrpur í nýjum útsetningum Hrafnkels Orra Egilssonar.

EXPERIENCE THE MAGIC OF THE FILM WITH A LIVE ORCHESTRA



27.– 29. NÓVEMBER, 2025
HARPA • REYKJAVÍK
Conducted by Timothy Henty
Sinfonia.is • HarryPotterInConcert.com



PART OF THE HARRY POTTER® FILM CONCERT SERIES
BROUGHT TO YOU BY CINECONCERTS

WIZARDING WORLD and all related trademarks, characters, names, and indicia are © & ™ Warner Bros. Entertainment Inc. Publishing Rights © JKR.



TÖFRANDI
SINFÓNÍA

20. SEPTEMBER 2025
ELDBORG HARPA



TÖFRANDI SINFÓNÍA

TÓNLEIKAR Í ELDBORG 20. SEPTEMBER KL. 14:00

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

RICHARD SCHWENNICKE
HLJÓMSVEITARSTJÓRI

UNA SVEINBJARNARDÓTTIR
EINLEIKARI

STEEF VAN OOSTERHOUT
EINLEIKARI

LÁRUS BLÖNDAL
LALLI TÖFRAMAÐUR

JÓN BENEDIKT HJALTASON
AÐSTOÐARMANNTÖFRAMANNS

JULIUS FUČÍK
Mars skýlmingameistaranna

KRISTEN ANDERSON-LOPEZ
In Summer úr Frozen
úts. Þórir Baldursson

LÉO DELIBES
Pizzicati úr ballettinum Sylvíu

ANTONIO VIVALDI
Vorið úr Árstíðunum, Allegro

LEROY ANDERSON
Ritvélin

CHARLES CHAPLIN
Smile
úts. Þórir Baldursson

RICHARD & ROBERT SHERMAN
Fljúgðu nú flugdrekin úr Mary Poppins
úts. Þórir Baldursson

JACQUES OFFENBACH
Can-can úr Orfeusi í undirheimum

PAUL DUKAS
Lærisveinn galdrameistarans
umritun Þórður Magnússon

TÖFRABRAGÐ

TÖFRAÐU FRAM SLEIF ÚR SPILASTOKKI

1 Byrjaðu á því að ná í
spilastokk og helltu öllum
spilunum úr kassanum.

2 Næst skaltu klippa
lítið gat á botninn
á kassanum.

4 Haltu á kassanum
þannig að endinn
á sleifinni sé falinn í
erminni þinni og þá er allt
tilbúið fyrir töfrabragðið.

3 Stingdu nú sleif
ofan í kassann og
í gegnum gatið.


5 Dragðu nú
sleifina upp úr
spilastokknum.

* Þetta atriði er líka hægt að framkvæma með
öðrum hlutum, t.d. trommukjuða, blýanti eða
töfrasprota.

** Mundu að æfa töfrabragðið vel fyrir framan
spegil áður en þú sýnir það í fyrsta skipti.

Gangi þér vel að töfra!

Kveðja,
Lalli töframaður



Úr bókinni Dagur með Lalla – Töfrandi tónleikar.

Bókin er til sölu eftir að tónleikum lýkur
á 2. hæð fyrir framan Eldborg.